

Umhverfismat



Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað Lýðheilsa í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu









Nú þegar gert í skólastarfinu



Hugur þekking



Berið þið virðingu fyrir líkama ykkar og hugsið vel um hann? 			
Kunnið þið að hugsa vel um tennurnar ykkar? 			
Er ykkur kennt hvernig þið eigið að beita líkamanum rétt? 			
Lærið þið um hollan og góðan mat í leikskólanum? 			
Farið þið í jóga eða hugleiðslu í leikskólanum? 			
Er ykkur kennt sjálfstæði og fáiið þið að vera þið sjálf? 			

Hvað á við þig í dag?



Nægur svefn



Hollur matur



Útivera



Hreinar tennur



Hreinlæti



Hreyfing

Hvernig líður þér núna?



Syfjuð/syfjaður



Glöð/glaður



Hrædd/hræddur



Feimin/feiminn



Pirruð/pirraður



Leið/leiður



Reið/reiður





Spennt/spenntur



Hjarta

skólinn og samfélagið



Er boðið upp á hollan mat í leikskólanum? 			
Hversu oft í viku er boðið upp á grænmeti eða ávexti í leikskólanum? 			







Eru hreyfistundir í leikskólanum? 			
Farið þið í hreyfistundir út fyrir leikskólalóðina? 			
Eruð þið örugg þegar þið hreyfið ykkur nálægt leikskólanum? (skólalóð, ferðalag í og úr skóla) 			
Er útivera á hverjum degi, sama hvernig veðrið er? 			
Þvo sér allir um hendurnar eftir klósettferðir og fyrir og eftir máltíðir? 			
Er mikilvægt að allir séu vinir og að ekki sé skilið útundan?  			
Passið þið upp á að leika saman og vera vinir?  			
Getið þið sagt einhverjum fullorðnum frá því ef ykkur líður illa í leikskólanum? 			
Farið þið reglulega út að skoða náttúruna í kringum ykkur? 			



Hendur aðgerðir



Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við lýðheilsu? 			
Viljið þið breyta einhverju í skólanum sem tengist lýðheilsu? Ef já, hverju viljið þið breyta? 			
Er skólinn Heilsueflandi skóli? 			
Er skólinn með virka stefnu gegn einelti? 			

Hvað getur skólinn gert í lýðheilsu? Hvað dettur ykkur í hug?

A large, empty rectangular box with a thin black border, occupying most of the page below the question. It is intended for the user to write their response to the question above.